



### 30. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Þriðjudaginn 3. júlí 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

---

Dagskrá:

1. Ársreikningur Blönduóssbæjar 2006 - fyrirtæki og stofnanir. Síðari umræða.
2. Málefni Héraðsnefndar A-Hún.
3. Greinargerð um lagfæringu leikskólalóðar (sbr. fundur bæjarráðs 27. júní sl).
4. Ræktunarland 86.
5. Önnur mál.

---

1. **Ársreikningur Blönduóssbæjar 2006 - fyrirtæki og stofnanir. Síðari umræða.**

Bæjarráð, f.h. Blönduóssbæjar, samþykkir samhljóða framlagða ársreikninga Blönduóssbæjar 2006, fyrirtæki og stofnanir, enda fer bæjarráð með fullnaðarafgreiðslu mála í sumarfríi bæjarstjórnar, sbr. 48. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp.

2. **Málefni Héraðsnefndar A-Hún.**

Ljóst er að umtalsverðir fjármunir sparast með því að sveitarfélögin í sýslunni starfi saman að grunnskólamálum, rekstri brunavarna, embætti byggingarfulltrúa ofl. Skv. skýrslu sem fyrir liggur og samin er af sérfræðingi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga má áætla að með samstarfi grunnskóla á svæðinu mætti hagræða á billinu 60-80 mkr. eru þá ótaldir þeir fjármunir sem aðrir málaflokkar myndu skila í hagræðingu.

Fyrir liggur að frekari samrekstur og samvinna sveitarfélaganna í rekstri málaflokka í sýslunni skilar umtalsverðum hagræðingarmöguleikum. Bæjarráð tekur því jákvætt í frekara samstarf og samrekstur málaflokka í sýslunni. Jafnframt telur bæjarráð brýna þörf á heildarúttekt þeirra málaflokka sem þegar eru undir hatti héraðsnefndar m.t.t. hagræðingarmöguleika.

Fjöldamörg sveitarfélög um land allt eru að endurskipuleggja málefni héraðsnefnda m.t.t. nútíma stjórnsýslu. Bæjarráð telur brýnt að allir málaflokkar sem sveitarfélagið er aðili að, hvort sem þeir eru reknir innan bæjarsjóðs eða í byggðasamlögum, séu sífellt í endurskoðun.

3. **Greinargerð um lagfæringu leikskólalóðar (sbr. fundur bæjarráðs 27. júní sl).**

Bæjarráð samþykkir að fela byggingarfulltrúa að gera magnúttekt og kostnaðarmat vegna þeirra framkvæmda sem um ræðir. Ágúst Þór vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. **Ræktunarland 86.**

Skv. fyrirliggjandi dómsúrskurði er bæjarstjóra falið að fylgja málinu eftir skv. niðurstöðu hæstaréttar.

Fram lagt bréf Jóns Höskuldssonar hrl. f.h. Jóns Guðmundssonar og Finnþoga Ottó Guðmundssonar, dags. í dag 3. júlí sl.

Bæjarstjóra og lögfræðingi falið að vinna áfram með málið, þ.á.m. leita eftir samningi vegna uppkaupa á leigurétti skv. dómi hæstaréttar en að öðrum kosti að hefja undirbúning eignarnáms leiguréttindanna skv. lögum þar um, þar sem verið er að deiliskipuleggja svæðið.

Þar sem með dómnum er viðurkennt leigusamband áfrýjenda og stefnda er samþykkt að innheimta leigugjald fyrir landið aftur í tímann, sbr. fyrningarlög nr. 5/1905.



5. Önnur mál.

a. Afskriftir. Bókað í trúnaðarbók.

b. Tilboð í lagnavinnu við Smárabraut.

Eftirtalin tilboð bárust í verkið:

1. Lagnaverk ehf. kr. 2.043.150,-
2. Pípulagnaverktakar kr. 1.369.405,-

Tilboð hafa verið yfirfarin af Verkfræðistofunni Stoð. Bæjarráð samþykkir að taka lægra tilboði Pípulagnaverktaka.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Fundi slitið kl. 17: 45.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)